

Fjölmenningarráð Reykjavíkur

Samantekt fyrir kjörtímabilið 2018 - 2022

Fjölmenningarráð Reykjavíkurborgar starfar í umboði borgarráðs og er borgarstjórn, nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni borgarbúa sem eru innflytjendur. Ráðið stuðlar að hvers konar upplýsingagjöf og samstarfi Reykjavíkurborgar við hagsmunasamtök hópsins, mótar stefnu og gerir tillögur til borgarráðs sem varðar verksvið þess. Ráðið leitast við að tengja saman fjölmenningarleg samfélög á Íslandi og koma málefnum innflytjenda á framfæri.

Ráðið er vistað hjá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar og ber mannréttindastjóri ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins og rekstri og stjórnsýslu þess.

Fulltrúar fjölmenningaráðs

Fjölmenningarráð er skipað fimm fulltrúum og jafnmörgum til vara. Tveir aðalmenn eru tilnefndir af borgarstjórn. Einn fulltrúi er tilnefndur af samtökum kvenna af erlendum uppruna W.O.M.E.N., einn fulltrúi er tilnefndur af Móðurmáli samtökum um tvítyngi og einn fulltrúi er tilnefndur af Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar. Borgarstjórn kýs formann ráðsins en fjölmenningaráð kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Eftirtaldir fulltrúa áttu sæti í fjölmenningarráði í janúar 2022:

Aðalmenn:

Sabine Leskopf, pólitískur fulltrúi, formaður
Hildur Björnsdóttir, pólitískur fulltrúi, varaformaður
Renata Emilsson Peskova, Móðurmál samtök um tvítyngi
Shelagh Smith, W.O.M.E.N. Samtök kvenna af erlendum uppruna
Christina Anna Milcher, SAMEYKI

Varamenn:

Ellen Jacqueline Calmon, pólitískur fulltrúi
Jórunn Pála Jónsdóttir, pólitískur fulltrúi
Kriselle Lou Suson Jónsdóttir, Móðurmál samtök um tvítyngi
Margaret Johnson, W.O.M.E.N. Samtök kvenna af erlendum uppruna
Dragana Anic, SAMEYKI

Fundir fjölmenningaráðs

Fjölmenningarráð heldur að jafnaði fundi sína einu sinni í mánuði. Fyrsti fundur fjölmenningaráðs á kjörtímabilinu var haldinn þann 5. september 2018 og hélt ráðið tvo fundi það ár. Ráðið hélt 12 fundi á árinu 2019 og 11 fundi árið 2020 og árið 2021 voru fundir ráðsins einnig 11. Samkvæmt fundardagatali er gert ráð fyrir fimm fundum árið 2022 fram til loka kjörtímabilsins.

Yfirlýsing um fjölmeningarborgir samþykkt í borgarstjórn

Þann 17. september 2019 samþykkti borgarstjórn að birta svohljóðandi yfirlýsingu um Fjölmeningarborgina Reykjavík í samræmi við þátttöku borgarinnar í verkefninu Intercultural Cities:

Reykjavík er fjölmeningarborg. Við fögnum fjölbreytileika, jafnrétti, samskiptum og þátttöku allra. Við erum stolt af því að vera borg þar sem margir menningarheimar mætast. Við erum stolt af því hve langt við höfum náð í því að setja upp kynjagleraugun eða hinsegin gleraugun. Nú nýtum við okkur þessa reynslu og setjum upp fjölmeningargleraugun á sama hátt. Við hvetjum önnur sveitarfélög og ríkið að taka þátt í þessari vegferð. Við viljum að innflytjendur geti verið virkir þátttakendur í samfélaginu með aðgang að öllu sem borgin hefur fram að færa og að þeir þekki réttindi sín. Við tryggjum að fjölmeningarleg gildi endurspeglast í allri stefnumótun sem og þjónustu borgarinnar. Við erum þakklát fyrir framlag innflytjenda í borgarlífinu. Við viljum gera þessu jákvæða framlagi innflytjenda hærra undir höfði. Við gerum okkur grein fyrir að fjölbreytileiki er undirstaða jákvæðrar þróunar. Þegar hver og einn fær tækifæri að njóta hæfileika sinna og sköpunarkrafta til fulls, þá græðum við öll á því.

Sameiginlegir fundir fjölmeningarráðs með öðrum ráðum og nefndum

Árið 2019

Þann 30. apríl, var haldinn opinn fundur Borgarstjórnar Reykjavíkur og fjölmeningarráðs Reykjavíkur. Á fundinum voru lagðar fram svohljóðandi tillögur fjölmeningarráðs Reykjavíkur:

1. Í því skyni að auka meðvitund meðal Reykvíkinga með annað móðurmál en íslensku um hvernig nýta megi frístundakort til að skipuleggja og fjármagna frístundastarf barna samþykkir Borgarstjórn Reykjavíkur að fara í eftirfarandi aðgerðir: Umsókn um aðild að frístundakorti verði aðgengileg bæði á íslensku og ensku. Reglur um aðild að frístundakorti verði aðgengilegar bæði á íslensku og ensku. Ráðist verði í auglýsingaherferð á fleiri tungumálum þar sem frístundakort er kynnt gagnvart mögulegum skipuleggjendum frístundastarfs. Samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs.
2. Lagt er til tilraunaverkefni sem snýr að rafrænni upplýsingagjöf fyrir innflytjendur með vefspjalli eða rafrænni gátt sem svarar fyrirspurnum á öðrum tungumálum en íslensku innan skamms tíma.

Samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar mannréttinda- og lýðræðisráðs.

3. Lagt er til að Reykjavíkurborg fari í áttak til þess að kynna og styðja starfmenn borgarinnar sem eru af erlendum uppruna í því að fá menntun sína metna og viðurkennda.

Samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar borgarráðs.

4. Lagt er til að efla og fjölga brúarsmiðum á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar sem sinna starfi með börnum af erlendum uppruna ásamt því að veita skólum og foreldrum ráðgjöf.

Samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

5. Lagt er til að Reykjavíkurborg fari í heildstætt áttak gegn fordómum og hatursorðræðu í garð innflytjenda í þeim tilgangi að stuðla að þróun samfélags þar sem allir samfélagsþegnar fái að lifa með reisn, í sátt og samlyndi. Áttakið gæti snúið fyrst að vinnustöðum Reykjavíkurborgar og svo að samfélaginu í heild sinni með það að markmiði að auka vitund um fjölbreytni samfélagsins, hvetja til jákvæðara orðfæris og raungera hin auknu gæði og tækifæri sem fjölbreytileiki felur í sér. Ekki síst er mikilvægt að efla faglega þekkingu starfsfólks Reykjavíkurborgar á menningarnæmi og -færni.

Samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar mannréttinda- og lýðræðisráðs.

Í lok fundarins var Dagur B. Eggertsson borgarstjóri með lokaorð.

Árið 2019

Þann 12. nóvember var haldinn opinn fundur ofbeldisvarnanefndar og fjölmeningarráðs ásamt ASÍ, W.O.M.E.N., Kvenréttindafélagi Íslands og Kvennaathvarfsins. Fundurinn var haldinn í Veröld - húsi Vigdísar.

Yfirskrift fundarins var „Innflytjendakonur og ofbeldi“. Dr. Brynja Elísabeth Halldórsdóttir, lektor í krítískum menntunarfræðum við menntavísindasvið kynnti rannsókn sína á reynslu innflytjenda kvenna af ofbeldi í nánnum samböndum og ofbeldi á vinnustöðum. Þá kynnti Claudie Ashonie Wilson lögmaður, möguleika kvenna í ofbeldissamböndum til áframhaldandi dvalar á Íslandi eftir sambúðarslit. Hildur Guðmundsdóttir, vaktstýra Kvennaathvarfsins, kynnti starfsemi Kvennaathvarfsins. Nanna Hermannsdóttir, hagfræðinemi kynnti rannsókn sína „Hvað mætir erlendum konum á íslenskum vinnumarkaði?“. Sabine Leskopf formaður fjölmeningarráðs var með lokaorð.

Árið 2020

Þann 15. janúar var haldinn opinn fundur mannréttinda-, nýsköpunar-, og lýðræðisráðs og fjölmeningarráðs. Fundurinn var haldinn í lðnó undir yfirskriftinni „Menningarlegt mósaík - Fjölbreytni og jafnræði í Reykjavík“. Dóra Björt Guðjónsdóttir, formaður mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs Reykjavíkurborgar setti fundinn og Sabine Leskopf, formaður fjölmeningarráðs Reykjavíkurborgar kynnti Fjölmeningaryfirlýsingu Reykjavíkurborgar. Að því loknu fluttu Claudie Ashonie Wilson héraðsdómslögmaður og Auður Tinna Aðalbjarnardóttir héraðsdómslögmaður, erindið „Jafnrétti innflytjenda á atvinnumarkaði og jafnir möguleika innflytjenda til atvinnu hjá hinu opinbera“. Þá var flutt erindið „Upplýsingagjöf og samskipti í nútímasamfélagi“, af Joanna Marcinkowska, sérfræðingi í málefnum innflytjenda frá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar. Af því loknu voru kynntar sameiginlegar tillögur mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs og fjölmeningarráðs sem allar voru samþykktar samhljóða.

Tillögurnar voru þrjár og snéru í meginatriðum að eftirfarandi þáttum: Tillögur um tilraunaverkefni um rafræna upplýsingagjöf, tillögur um aðgerðir til að draga úr launamun eftir uppruna og tillaga um upplýsingagjöf og aðgengi að upplýsingum á öðrum tungumálum en íslensku á vef Reykjavíkurborgar.

Kynningar á fundum fjölmeningarráðs

Fjölmeningarráð fékk fjölmargar kynningar sem varða málefni innflytjenda bæði frá fulltrúum sviðanna Reykjavíkurborgar og utankomandi aðilum frá ríkisstofnunnum, félagasamtökum og einstaklingum.

Á starfsárum 2018-2022 fékk fjölmeningarráð eftirfarandi kynningar frá fulltrúum Reykjavíkurborgar:

- um stöðu aðgerða stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjanda um alþjóðalegan vernd frá mannauðsskrifstofu, skóla- og frístundasviði, menningar- og ferðamálasviði, íþróttar- og tómstundasviði og velferðarsviði;
- um verkefni frá Kristjansand í Noregi En by for alle; um verkefni Intercultural Cities sem Reykjavíkurborg er þátttakandi í, á skýrslu um stöðu þjónustu Reykjavíkurborgar fyrir innflytjendur; á vinnu við jafnréttismat aðgerða Reykjavíkurborgar vegna Covid-19; á skýrslu ICC Index Analysis 2020 – Reykjavík sem gefin var út af Evrópuráðinu; um verkefni Hverfið mitt 202; á drögum að aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2021-2023 frá fulltrúum mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar;

- um Miðju máls og læsis sem er verkefni í skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar; kynning á niðurstöðum starfshóps um móttöku og aðlögun barna innflytjenda, flóttafólks; á móttökudeild fyrir börn umsækjanda um alþjóðalegan vernd á skóla- og frístundasviði; á aðgerðum til að bæta íslenskukunnáttu barna með annað móðurmál en íslensku; á verkefninu íslenskuver skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.
- á stöðu innflytjenda og upplýsingargjöf til innflytjenda í Reykjavík vegna Covid-19 frá fulltrúum skóla- og frístundasvið, velferðarsvið, mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og upplýsingarstjóra Reykjavíkurborgar;
- á stöðu flóttafólks í Reykjavík; kynning á Virknihúsi velferðarsviðs frá fulltrúum velferðarsvið Reykjavíkurborgar;
- á unglingsmiðju Reykjavíkurborgar fyrir unglinga af erlendum uppruna (Intercultural Youth Centre);
- á verkefni TUFF Reykjavík sem var unnin í Breiðholti og Miðborginni undir leiðsögn TUFF Internationl frá hverfisstjóra Breiðholts og fulltrúa íþróttá- og tómstundasvið;
- á tilraunaverkefni Frístund í Breiðholti; á tilraunaverkefninu -Tungumálatöfrum í Breiðholti frá fulltrúum hverfisins;
- um þjónustustefnu Reykjavíkurborgar og innleiðingu þess frá skrifstofu þjónustuhönnunar Reykjavíkurborgar;
- á mat á stöðu aðgerða vegna launasetningu erlenda starfsmanna; á drög að stefnu Reykjavíkurborgar um íslenskukennslu; á verkefninu íslenskukennsla fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar frá mannauðskrifstofu Reykjavíkurborgar;
- á starfi sérfræðings fjölmenningsverkefna á borgarbókasafninu og verkefna borgarlegrar þátttöku; á stefnu Borgarbókasafnsins 2021-2024 frá fulltrúum borgarbókasafns;
- á starfi umboðsmann borgarbúa Reykjavíkurborgar;
- á stöðu v/óleyfisbúsetu í Reykjavík í tengslum við bruna á Bræðraborgarstíg frá fulltrúum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar;
- á vef Reykjavíkurborgar; á verkefninu PaCE Populism and Civic Engagement frá fulltrúum þjónustu- og nýsköpunarsvið;
- á drögum að Alþjóðastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 frá fulltrúum skrifstofa borgarstjóra Reykjavíkurborgar.

Kynningar frá fulltrúum ráðuneyta, stéttafélagana, félagasamtakana og einstaklinga sem varða málefni innflytjenda á Íslandi:

- á móttöku flóttafólks og skýrslu um samræmda móttöku flóttafólks á Íslandi frá fulltrúa félags- og barnamálaráðuneyti;
- um stöðu félagsmanna af erlendum uppruna frá fulltrúum Eflingu og Sameykis;

- á skýrslu starfshóps menntamálaráðuneytis um Leiðarvísir um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi;
- á verkefni unnið með flóttafólki *Rewriting Stories of War into Stories of Peace*
- á starfsemi Reykjavík Ensemble International Theatre Company.
- á skýrslu *Hvað segir mamma* – Börn af erlendum uppruna í Kvennaathvarfinu frá fulltrúa Kvennaathvarfs;
- á Ráðgjafarstofu fyrir innflytjendur, *New in Iceland* sem er verkefni félagsmálaráðuneytisins.

Framtíðarsýn

Starfið fjölmeningarráðs á árum 2018-2022 hefur almennt gengið mjög vel. Ráðið styrkti stöðu sína í stjórnsýslukerfi borgarinnar hvað varðar þátttöku í umsagnarferli stefnumótunar í Reykjavíkurborg og þannig náð að miðla sjónarhorni innflytjenda, með það að leiðarljósi að leggja ríka áherslu á inngildingu og gagnkvæma aðlögun og Fulltrúar frá grasrótasamtökum í ráði hafa aflað sér þekkingar á borgarstjórnsýslu og tekið virkan þátt í fundum ráðsins. Fulltrúar finnst telja sérstaklega mikilvægt að hafa aðgang að upplýsingum um málefni innflytjenda sem koma fram á fundum og að geta deilt þeim með innan sinna hagsmunasamtaka. Þá mætti markvisst fjölga kynningum á starfsemi hagsmunafélaga í fjölmeningarráði til að tryggja upplýsingaflæði frá þeim inn í borgarkerfið enn frekar. Áhugi er einnig fyrir því að fjölmeningarráð standi fyrir árlega opnum fundi hagsmunafélaga í málefnum innflytjenda. Einnig að skoða samstarf við fjölmeningarráð í öðrum sveitarfélögum.

Að mati fulltrúa fjölmeningarráðs má bæta tengsl við pólitísku ráðin Reykjavíkurborgar auk þess að styrkja samráðsferill í málum sem tengjast innflytjendum, áður en ákvarðanir eru teknar. Ráðið gæti leitað markvisst leiða til að auka tengsl við innflytjendur utan skipulagðra félag- og hagsmunasamtaka og opna þannig á samtal við ólíkar raddir. Í þeim tilgangi að vera aðgengilegra þeim fjölbreytta hóp sem ráðið stendur fyrir.

Það er mikilvægt að skýra betur verkaskiptingu í innflytjenda málum á milli mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs og fjölmeningarráðs. Fjölmeningarráð vill geta komið á framfæri margvíslegum upplýsingum um málefni innflytjenda í borginni með til dæmis rafrænu fréttabréfi og leggja áherslu á sýnileika fjölmeningarráðs á samfélagsmiðlum.

Fulltrúar fjölmeningarráðs vekja athygli á því að mikið af verkefnum er varða innflytjendur eru tilraunaverkefni til skamms tíma, það þarf meiri stöðuleika og margvíslega nálgun og eftirfylgni til að bæta stöðu innflytjenda í borgarsamfélagi.

Fjölmenningarráð leggur því til eftirfarandi tillögur til úrbóta:

- skýra í samþykkt fjölmenningarráðs hvernig ábyrgðardreifingu skal háttáð í málaflokknum milli ráða og nefnda. Má gilda fyrir allar samráðsnefndir eða öll fagráðin.
- bæta inn á föstum tengiliðum frá sviðum Reykjavíkurborgar.s. Velferðasviði, og Skóla- og frístundasviði). Fulltrúar munu mæta á fundi þegar málefni sem varða þeirra starfssvið er til umfjöllunar.
- skapa umgjörð um samstarf við sendiherra verkefni í Breiðholti,
- samræma þarf laun fulltrúa í fjölmenningarráði við önnur ráð og nefndir, t.d. íbúaráð.